

Ár 2014, miðvikudaginn 24. september kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 10:30 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Águst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Hanna Þrúður Þórðardóttir. Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Undirbúnингur ársþings SSNV
2. Starfsmannamál
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Farið var yfir undirbúnинг ársþings og drög að ályktunum sem sendar verða út um mánaðarmótin. Stjórnin mun fara yfir fjárhagsáætlun 2015 á fundi eftir helgina. Ekki hafa borist tilnefningar í starfshóp um lagabreytingar og mun stjórn því leggja til við ársþingið að starfshópurinn verði tilnefndur þar og verði falið það verkefni að endurskoða lög SSNV.
2. Stjórn SSNV samþykkir að starfslok Katrínar Maríu Andrésdóttur í starfi framkvæmdastjóra SSNV verði 30. september 2014 en hún hefur verið í tímabundnu starfi í námsleyfi fyrri framkvæmdastjóra. Stjórnin felur Leó Erni og Ágústi Þór að ganga frá starfslokum hennar en hún gengur til fyrri starfa sem atvinnuráðgjafi SSNV.
3. Önnur mál.
 - a) Rætt um stöðu Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og rekstur dreifnámsdeildanna. Stjórnin ítrekar mikilvægi dreifnámsins í uppbyggingu skólastarfsins og styrkir byggðir og búsetujafnrétti á Ströndum og Norðurlandi vestra.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12:50.

Bjarni Jónn
Águst Þór Bragason
Hanna Þórðardóttir
Þóra Sverrisdóttir
Leó Örn Þorleifsson